

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1094

Dagsetning: 16. desember 2025 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Íris Dögg Harðardóttir (ÍDH), Margrét Kristjánsdóttir (MK), Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK), Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir (RÓE), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM), Sigurborg Jónsdóttir (SJ) og Brjánn Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð.

Efni fundarins

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 9. desember 2025 var tekin til umræðu og samþykkt samhljóða.

2. Fundir vikunnar

Umræður um fundi vikunnar hjá framkvæmdastjórn.

3. Aðsend erindi

Upplýst var um erindi sem borist hafa til stofnunarinnar. Heilbrigðisráðuneytið hefur óskað eftir tillögum um áherslur fyrir grunnrannsóknir sem njóta eiga styrks úr Heilbrigðisvísindasjóði. Þá hefur borist fyrirspurn frá heilbrigðisráðuneytinu vegna læknisvottorða og endurhæfingaráætlana. Heilbrigðisráðuneytið hefur einnig sent fyrirspurn um geðheilsuteymi HH. Unnið er að svörum við erindunum. Þá hefur borist erindi frá Sjúkratryggingum Íslands þar sem óskað er eftir tilnefningum þriggja fulltrúa HH í samstarfsnefnd vegna fjármögnunarlíkans heilsugæslunnar. Ákveðið var að tilnefna SDM, NSK, RÓE og Lilju Björk Kristinsdóttur.

4. Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu

Upplýst var að áfram hafi verið unnið að yfirferð yfir rekstur og fjárframlög til Þróunarmiðstöðvar íslenskrar heilsugæslu með starfandi forstöðumanni miðstöðvarinnar.

5. Skipurit

Rætt var um breytingar á skipulagi HH sem taka munu gildi um áramót. Breytingarnar voru kynntar fyrir starfsfólki í síðustu viku.

6. Fjárhagsáætlun

Farið var yfir útkomuspá starfseininga HH og drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2026.

7. Námskeið um tjáningu ungbarna

Rætt var um tillögu um að HH sjái um námskeið um hvernig lesa má í tjáningu ungbarna (NBO-námskeið) í samstarfi við Boston Children's Hospital. Framkvæmdastjórn samþykkti að gera samning um að halda námskeiðin.

8. Skipulag skrifstofu

Rætt var um mögulegar breytingar á skipulagi skrifstofu HH og uppröðun starfsfólks.

Aðgerðir og verkefni

- Tilnefna þarf SDM, NSK og RÓE fulltrúa í samstarfsnefnd um fjármögnunarlíkan HH, sjá lið 3.
Ábyrgð: SDM
- Vinna þarf áfram að yfirferð yfir rekstur og fjárframlög til Þróunarmiðstöðvar íslenskrar heilsugæslu, sjá lið 4.
Ábyrgð: SDM
- Vinna þarf áfram með útkomuspá og fjárhagsáætlun, sjá lið 6.
Ábyrgð: MK
- Gera þarf samning um námskeið um tjáningu ungbarna, sjá lið 7.
Ábyrgð: RÓE

Fundi frestað klukkan 9:55. Fundi fram haldið klukkan 13:00. Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 13:45.